

Alþingi
Erindi nr. P 139/893
komudagur 10.12.2010



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Reykjavík 9. desember 2010

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga

Stjórn Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu mótmælir frumvarpi til laga flutt á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011, þingskjal 417. – 339. mál, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra með síðari breytingum. Verði þetta frumvarp samþykkt þá verður verulegum fjármunum úr Framkvæmdasjóði aldraðra veitt til annarra verkefna en lög sjóðsins hafa hingað til leyft. Þetta mun meðal annars leiða til þess að sjóðurinn hafi minna fjármagn en ella til að styrkja eldri öldrunarheimili landsins sem þurfa að breyta fjölbýlum í einbýli, en sú framkvæmd er að mati stjórnar SFH afar brýn.

Virðingarfyllt,

Gísli Páll Pálsson formaður SFH